

AUGLÝSING um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur samþykkt eftirfarandi:

Vogshóll, Sjónarhóll, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti þann 20. nóvember 2018 deiliskipulagsbreytingu fyrir Vogshól og Sjónarhól.

Lóðinni Sjónarhóli 2 er skipt upp í 6 minni lóðir, nýtingarhlutfall verði að lágmarki 0,5 en að hámarki 0,9. Ákvæðum um hljóðvist fyrir allt svæðið er breytt, nema ef um þegar byggð hús er að ræða.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Sjónarhóll 6, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti þann 8. janúar 2019 deiliskipulagsbreytingu fyrir Sjónarhól 6.

Breytingin felst í að lóð er stækkuð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Urðarás 11, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti þann 8. janúar 2019 deiliskipulagsbreytingu fyrir Urðarás 11.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Reykjanesbæ, 14. janúar 2019.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. janúar 2019